

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2024

2024/EES/52/36

frá 15. mars 2024

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2010 frá 17. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar skrána yfir virk efni ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 1185/2009 gildir ekki gagnvart Liechtenstein, með skírskotun til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2014 frá 1. júní 2015.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 24d (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„— **32021 R 2010:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2010 frá 17. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 410, 18.11.2021, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2021/2010, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 410, 18.11.2021, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.